

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DRÖFINGAR

Alþingi

*Erindi nr. Þ 127/349
komudagur 5.12.2001*

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.12.2001
Tilv. 18.103
GÁS/gás


Vísað er til bréfs hæstvirtrar allsherjarnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breyting á áfengislögum nr. 75/1998, framleiðsla innlendra léttvína, 176. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að svokallað heimabruugg verði löglegt án sérstaks leyfis en þó með því skilyrði að það sé til eigin neyslu og framleitt úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum.

Samtökunum þykir hér verið að leggja til varhugaverða leið til framleiðslu á áfengi. Mjög ströng skilyrði eru fyrir því að geta framleitt áfengi í dag, ekki er það eingöngu framleiðsluleyfi með tilheyrandi eftirliti heldur þarf framleiðslan að uppfylla ýmsar heilbrigðis- og hreinlætiskröfur. Framleiðsla áfengis er ekki hættulaus og verður því að setja henni skýrar reglur. Eitt skref, þó lítið sé, getur haft í för með sér að línað verði á kröfum enn frekar. Ekki er gert ráð fyrir neinu eftirliti með þessari framleiðslu hvorki á þá leið að hún uppfylli hreinlætis-, heilbrigðis- eða samkeppnisskilyrði né þeirri hættu á að framleiðslan kunnist að verða seld "utan heimilisins". Verður ennfremur að vekja athygli á gríðarlegum gjöldum sem framleiðendur og innflytjendur þurfa að greiða af áfengi, í formi áfengisgjalds, en heimabruugg, hverju nafni sem það nefnist, mun óhjákvæmilega minnka tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldi auk þess sem það skekkir samkeppnisskilyrði þeirra sem þurfa að greiða gjaldið. Í ljósi framanritaðs leggjast samtökin alfarið á móti því að frumvarp þetta verði að lögum.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum og lýsa sig jafnframt reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt


Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.